

## Verklagsreglur um rafræn skil og vistun doktorsritgerða frá Háskóla Íslands

Unnið í samvinnu við Opín vísindi, varðveislusafn íslenskra háskóla og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs) fyrir vísindaefni í opnum aðgangi.

### Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglanna er að tryggja að doktorsritgerðir frá Háskóla Íslands séu vistaðar og varðveittar rafrænt í varðveislusafninu Opín vísindi, og séu aðgengilegar eins og kostur er. Verklagsreglurnar gilda fyrir allar doktorsritgerðir frá Háskóla Íslands.

### Ábyrgð

Miðstöð framhaldsnáms ber ábyrgð á að verklagsreglurnar séu réttar á hverjum tíma. Doktorsnemar, umsjónarkennari og verkefnisstjórar doktorsnáms á fræðasviðum bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt þeim. Umsjónarmaður varðveislusafnsins á Lbs-Hbs ber ábyrgð á að kanna leyfi útgefanda fyrir opnu aðgengi að birtum greinum doktorsritgerða.

### Framkvæmd

#### 1. gr. Vistun stafræns eintaks lokaritgerðar

Doktorsnemi vistar stafrænt eintak lokaritgerðar í Opín vísindi fjórum vikum fyrir dagsetningu doktorsvarnar, í samræmi við 2. tölulið [70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) um að ritgerð skuli liggja frammi á Lbs-Hbs í fjórar vikur áður en vörn fer fram. Rafrænt handrit lokaritgerðar fylgir sniðmáti Háskóla Íslands fyrir doktorsritgerðir. Eftir skil fær doktorsnemi tilkynningu frá safninu um að ritgerð sé móttækin og ber ábyrgð á að staðfesting móttöku berist umsjónarkennara og verkefnisstjóra doktorsnáms á fræðasviðinu vel fyrir dagsetningu doktorsvarnar.

Doktorsnemi ákveður, í samráði við leiðbeinanda sinn, hvernig aðgangi að verkefninu skuli háttað, þ.e. hvort ritgerðin, og/eða greinarnar sem henni kunna að fylgja, er vistuð opin og öllum aðgengileg til aflestrar og prentunar, opin að hluta til eða lokuð um óákveðinn tíma eða tímabundið t.d. vegna viðkvæms efnis, rannsóknahagsmuna eða fyrirhugaðrar útgáfu. Ef doktorsverkefninu fylgja handrit að óbirtum greinum aðstoðar sérfræðingur Lbs-Hbs, nemandann við að vista handritin lokuð. Mikilvægt er að doktorsnemi og leiðbeinandi séu sammála um vistun ritgerðar og greina. Ef ritgerð er vistuð lokuð í tiltekin tíma opnast hún sjálfkrafa að þeim tíma liðnum, ef safninu berst ekki beiðni um annað. Í þeim tilvikum þar sem birtar greinar eru hluti lokaverkefnis og höfundur óskar eftir því að þær séu birtar í opnum aðgangi, kannar sérfræðingur Lbs-Hbs skilmála útgefanda áður en grein er opnuð.

#### 2. gr. Merking lokaritgerðar

Doktorsritgerðir eru ávallt merktar með ORCID auðkenni höfundar á bakhlið titilsíðu og ISBN númeri ef höfundur kys það. Koma skal skýrt fram að ritgerðin var unnin við Háskóla Íslands, ásamt nafni fræðasviðs, deildar og rannsóknastofnunar ef við á. Geta skal þeirra sjóða háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Ef um sameiginlega doktorsgráðu er að ræða ber forsíða ritgerðar auðkenni beggja eða allra háskóla sem hlut eiga að máli. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku.



### 3. gr. Prentuð eintök lokaritgerðar

Ef ritgerð er vistuð í opnum aðgangi er ekki nauðsynlegt að skila prentuðu eintaki ritgerðar til Lbs-Hbs. Ef rafrænt eintak er vistað lokað skal skila einu útprentuðu eintaki til varðveislu á safninu. Óháð því hvort ritgerðin er vistuð í opnum aðgangi eða ekki, er ekki nauðsynlegt að skila prentuðu eintaki lokaritgerðar til miðlægrar stjórnsýslu Háskóla Íslands, þar með talið rektorsskrifstofu og Miðstöðvar framhaldsnáms. Um fjölda prentaðra eintaka til fræðasviðs og deildar og kostnaðarþátttöku vegna prentunar gilda sérreglur viðkomandi fræðasviðs og deildar.